Fundur Fjárhagsnefndar Landsþings 2026.

Mætt: Caroline Annette Boese, Gunnar Ásgeirsson, Rósbjörg Jónsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Lilja Harðardóttir, Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir, Nína María Hauksdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Stefanía Inga Sigurðardóttir, Aleksandra Ksepko, Marteinn Valdimarsson, Vilborg Ástráðsdóttir, Lárus Ástmar Hannesson, Berglind Karlsdóttir.

1. Ársreikningar 2024 og 2025 ræddir saman.

Gjaldkeri fór yfir ástæðu þess að tekin var ákvörðun um að greiða LH frá Landsmóti ehf. En það var gert hálft í hvoru til að styrkja rekstur sambandsins og til að greiða fyrir þjónustu LH við LM. Í ljósi óhagstæðs reksturs 2024 var farið í strangt aðald og niðurskurð 2025, til dæmis fækkun starfsmanna á skrifstofu. Að auki komu ýmsar óvæntar tekjur eins og hækkun á lottótekjum og úr afrekssjóði sem skilaði afar jákvæðri afkomu 2025.

Vegna góðrar afkomu ársins 2025 var tekin ákvörðun um að auka starfshlutfall aftur og ráðinn var starfsmaður í hlutastarf á vormánuðum 2026.

Nefndin leggur til samþykkt ársreiknings 2024 og 2025.

2.

Þingskjal nr. _3

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir fjárhagsnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir

að árgjald frá aðildarfélögum LH til sambandsins verði eftirfarandi:

a. árið 2027 kr. 2.600,- á hvern gjaldskyldan félaga
b. árið 2028 kr. 2.900,- á hvern gjaldskyldan félaga.

Félagar á aldrinum 18-69 ára greiða árgjald til LH.

Nefndarálit fjárhagsnefndar:

Nefndin leggur til breytingaratillögu:

a. **Hækkun árgjalds 2027 verði kr. 150, fari úr 2300 í 2450 á hvern gjaldskyldan félaga.**
b. **Hækkun árgjalds 2028 verði kr. 150, fari úr 2450 í 2600 á hvern gjaldskyldan félaga.**

Ástæða breytingartillögunnar er að svona skyndileg og óundirbúin hækkun bitnar á afkomu félaganna, þar sem þau eru flest búin að ákveða félagsgjöld næsta árs.

Umræða um árgjald 2027 og 2028. Tillaga liggur fyrir um hækkun um 300 kr. hvort ár um sig.

Hækkun er lögð til vegna skyldubundinnar hækkunar á Worldfengsgjölum og árgjöldum til FEIF.

Rætt er um að þetta sé mun hærri hækkun en rætt er um almennt í þjóðfélaginu til dæmis í gjaldskrárhækkunum hins opinbera.

Rætt um að hafa ekki frían aðgang að Worldfeng til félagsmanna, heldur selja hann sérstaklega til þeirra sem vilja nota en það myndi mögulega auka flækjustig.

Ástæða breytingartillögunnar er að svona skyndileg og óundirbúin hækkun bitnar á afkomu félaganna, þar sem þau eru flest búin að ákveða félagsgjöld næsta árs.

3. Fjárhagsáætlun 2027 og 2028

Fjárhagsáætlun uppfærð og samþykkt miðað við að fyrrgreind breyting verði samþykkt.

Önnur mál:

Lárus Ástmar Hannesson:

LM ehf. Skuldaði eigendum og var tekin ákvörðun um að færa skuldirnar niður sem hann telur hafa verið mikil mistök.

Áður voru miklar tekjur í LM vegna landsmótsmyndbanda, myndböndin voru keypt fyrir nokkrum árum og seld til félaganna. Vill benda á að þarna eru miklir mögleikar á að tekjuöflun og þarna er sagan okkar varðveitt.

skjamba@gmail.com